

Kirkjuþing 2022-2023

20. mál - þskj. 20

## T I L L A G A

### til þingsályktunar um að Þjóðkirkjan og söfnuðir þjóðkirkjunnar geri Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarvísi alls starfs.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Axel Árnasyni Njarðvík.

Frsm. Axel Árnason Njarðvík.

Kirkjuþing 2022-2023 samþykkir að Þjóðkirkjan og söfnuðir þjóðkirkjunnar geri Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarvísi alls starfs og tvinni þannig sjálfbærni og réttlátri framtíð í alla starfsemi.

#### Greinargerð.

Alþjóða heimsbyggðin samþykkti í september árið 2015 framtíðarsýn sem er samþætt og órjúfanleg og myndar jafnvægi milli þriggja stoða sjálfbærrar þróunar; hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu. Alþjóða heimsbyggðin hefur þannig skilgreint markmið sín og skref sem þarf að taka, til þess að stuðla að þessari framtíðarsýn. Markmiðin, sem gilda á tímabilinu 2016-2030, eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og taka bæði til innanlandsmála sem og alþjóðasamstarfs á gildistímanum. Aðalsmerki heimsmarkmiðanna er að þau eru algild og því hafa aðildarríkin skuldbundið sig til þess að vinna skipulega að innleiðingu markmiðanna bæði á innlendum og erlendum vettvangi út gildistíma þeirra.

Mörg af þessum markmiðum hafa lengi verið baráttumál í kirkjum landsins eins og að bæta kjör og aðstæður þeirrar sem minna mega sín og vera til staðar fyrir náungann.

Í heimsmarkmiðunum endurspeglast helstu gildi kristinnar trú eins og kærleikur, virðing, umhyggja, samkennd, nægjusemi, jöfnuður og réttlæti. Trúin getur því hér haft mikilvægt hlutverk í að rækta þessi gildi, lifa eftir þeim og stuðla m.a. þannig að heimsmarkmiðunum.

Núverandi og komandi áskoranir heimsbyggðarinnar á borð við loftslagshamfarir, hnignun náttúrulegra auðlinda og lífbreytileika, hungursneyð, stríð og óréttlæti kalla á sameiginlega sýn og aðgerðir í anda heimsmarkmiða þar sem allir hjálpast að.

Þjóðkirkjan, í öllu starfi hennar, getur því tekið höndum saman við aðrar hendur heimsbyggðar sem vilja feta þessa mikilvæga vegferð og hafa samþykkt að stuðla að henni.

Sjá frekar á:

[www.heimsmarkmidin.is](http://www.heimsmarkmidin.is)

[www.heimsmarkmidabokin.is](http://www.heimsmarkmidabokin.is)